

Reykjanesbær
Umhverfissvið, b.t. Guðlaugs H. Sigurjónssonar
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbær



Reykjavík 12. júlí 2016
UST201606-201/K.S.J.
10.04.02

Efni: Tillaga að aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2015 - 2030 - vinnslutillaga

Vísað er til erindis framkvæmdastjóra umhverfissviðs Reykjanesbæjar er barst 23. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um drög að tillögu að aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2015 – 2030 sem er vinnslutillaga.

Leiðarljós

Í ofangreindum drögum kemur eftirfarandi fram: „*Leiðarljós aðalskipulagsvinnunnar verða áfram að skapa lífsgædi fyrir íbúa í Reykjanesbæ með þróun atvinnutækifæra, nauðsynlegri þjónustu fyrir alla aldursþópa, tækifærum til fjölbreyttrar búsetu og nálægð við náttúru.*“

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fylgst sé vel með loftmengun frá iðnaði og einnig bendir stofnunin á að umferð um Keflavíkurflugvöll hefur aukist mikið og því er mikilvægt að farið verði yfir ástand hávaðamengunar og loftmengunar í væntanlegri skipulagstillögu.

Umhverfisstofnun tekur undir leiðarljós um íbúðabyggð s.s. að núverandi byggð verði efld, þéttingu byggðar og að nýta svæði sem þegar er hafin uppbygging á. Einnig telur stofnunin markmið un að nýta ávallt bestu fáanlega tækni varðandi nýtingu náttúruauðlinda mikilvæg.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreind drög.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefánsson
Sérfræðingur